



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs

Kópavogi, 2. september 2025
25031723/103.03 SHJ

Tillaga: Hækkun systkinaafsláttar í leikskólum.

Systkinaafsláttur af dvalargjöldum barna í leikskólum er mis mikill eftir fjölda yngri systkina. Í dag er veittur 30% systkinaafsláttur af dvalargjaldi barns sem á eitt yngra systkini sem er í leikskóla eða hjá dagforeldri. Veittur er 100% afsláttur af dvalargjaldi ef barn í leikskóla á tvö yngri systkini sem eru í leikskóla eða hjá dagforeldri.

Í tillögu þessari er lagt til að systkinaafsláttur af dvalargjaldi barns sem á eitt yngra systkini verði hækkaður úr 30% í 50%. Lagt er til að breytingin taki gildi frá 1. október 2025. Lagt er til að afsláttur vegna barna sem eiga tvö yngri systkini eða fleiri verði áfram 100% af dvalargjaldi. Afsláttur er ekki veittur af fæðisgjöldum og aðrar reglur um afslætti haldast óbreyttar.

Tillögu þessari um hækkun afsláttar er ætlað að koma til móts við ábendingar foreldra um aukinn fjárhagslegan stuðning við fjölskyldur með tvö börn eða fleiri í leikskólum.

Gert er ráð fyrir að framangreind hækkun á afslætti frá 1. október nk. leiði til lægri tekna af leikskólagjöldum sem nema um 16 m.kr. á ári, eða tæplega 4,5 m.kr. frá október til desember á árinu 2025. Gert er ráð fyrir að áætluð tekjulækkun rúmist innan fjárhagsáætlunar leikskóladeildar.

Virðingarfyllst,

Sigrún Hulda Jónsdóttir
Deildarstjóri leikskóladeildar

